

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti  
Skrifstofa loftslagamála

Sent í samráðsgátt, samradsgatt.is

Reykjavík, 29. júní 2021

## **Efni: Umsögn Landsnets hf. um Hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum (mál nr. 129/2021)**

Okkur hefur verið falið fyrir hönd umbjóðanda okkar, Landsnet hf. (hér eftir nefnt „Landsnet“), að gera eftirfarandi athugasemdir við Hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum – drög að stefnu (hér eftir nefnd „Hvítbókin“). Markmið umsagnarinnar er að varpa ljósi á nokkurt misræmi sem gætir á annars vegar sjöunda kafla Hvítbókarinnar, sem snýr að orkumálum, og hins vegar þeim upplýsingum sem koma fram í skýrslu Þjóðaröryggisráðs um mat á ástandi og horfum í Þjóðaröryggismálum (útgefin í febrúar 2021, hér eftir nefnd „matsskýrsla Þjóðaröryggisráðs“) hvað varðar stöðu flutningsleiða raforku og þeim úrbótum sem þörf er á. Landsnet tekur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við aðra hluta Hvítbókarinnar.

Í sjöunda kafla Hvítbókarinnar er fjallað um orku og orkumál. Í kaflanum er m.a. rætt um mikilvægi öruggs orkukerfis og í því samhengi er nefnt að í langtímaorkustefnu fyrir Ísland er orkuöryggi ein af fimm lykilstoðum stefnunnar. Í kaflanum er lögð áhersla á orkuöryggi vegna náttúruhamfara og loftslagsbreytinga og nefnt er að mikilvægt sé að auka áfallaþol kerfisins. Möguleiki er að flytja raforku á milli landshluta, en slíkur flutningur er þó háður vissum takmörkunum á flutningsleiðum. Þetta hefur valdið því að ekki er unnt að flytja umframorku frjálst á milli landsvæða. Það vekur athygli að þrátt fyrir þessar takmarkanir á flutningsleiðum er hvergi í markmiðahluta sjöunda kafla Hvítbókarinnar er minnst á leiðir til úrbóta né minnst á að leitast ætti við að styrkja flutningskerfi raforku.

Í þessu sambandi viljum við benda á að í framangreindri matskýrslu Þjóðaröryggisráðs er tekið fram að raforkuflutningur á milli landshluta sé takmörkunum háður og að stórfelldar truflanir geti orðið ef einn hluti flutningskerfis fellur úr rekstri. Þar kemur einnig fram að miklar tafir hafi orðið á styrkingu meginflutningakerfisins í samræmi við aukna flutningsþörf á milli landshluta og að skerðingar á orkuafhendingu aukist með hverju ári. Í skýrslunni er svo lögð áhersla á að úrbætur verði gerðar á raforkuflutningskerfinu þannig að rekstaröryggi heildar kerfisins, fyrirtækja sem og raforkuöryggi almennings í landinu sé tryggt. Bent er á að þetta sé nauðsynlegt til þess að takmarka hættur á raforkuskorti við alvarlega vá.

Að þessu sögðu, viljum við vekja athygli á því ósamræmi sem hér gætir. Í markmiðahluta sjöunda kafla Hvítbókarinnar er hvergi minnst á að styrkja þurfi flutningskerfi þrátt fyrir ofangreinda bresti og takmarkanir sem eru á núverandi flutningskerfi. Í matskýrslu Þjóðaröryggisráðs er þó lögð mikil áhersla á að úrbætur verði gerðar á raforkuflutningskerfinu og raforkuöryggi landsins tryggt með viðeigandi hætti.

Í sjöunda kafla Hvítbókarinnar kemur fram að stefna stjórnvalda sé að ná kolefnishlutleysi fyrir árið 2040 sem geri orkuskipti mjög mikilvæg. Mun þessi stefna stjórnvalda óhjákvæmilega leiða til þess að eftirspurn eftir raforku aukist á næstu árum með tilheyrandi áhrifum á dreifingu eftirspurnar. Það er því mikilvægt að flutningskerfi raforku verði styrkt rétt eins og áréttað hefur verið í matskýrslu Þjóðaröryggisráðs.

Við hvetjum starfshópinn til þess að taka ofangreint til skoðunar og gera þær nauðsynlegu og viðeigandi breytingar sem eiga við á markmiðahluta sjöunda kafla Hvítbókarinnar og eyða þannig þessu misræmi sem hér hefur orðið.

Að lokum þökkum við fyrir það tækifæri að fá að skila inn umsögn við drögin að stefnu um aðlögun að loftlagsbreytingum og tillögu að grunngildum og grunnmarkmiðum stjórnvalda fyrir þennan tiltekna málaflokk.

Virðingarfyllt

LOGOS lögmannsþjónusta

  
Helga Melkorka Óttarsdóttir lögmaður